

Verðlagsstofa skiptiverðs
04 217

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Verðlagsstofa skiptiverðs
kt. 550698-2429
Borgum v/Norðurslóð, 600 Akureyri

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Verðlagsstofa skiptiverðs er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna nr. 13/1998.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 13 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 62,2 milljónir og afkoma kr. 3,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 4,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 7,7 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit okkar að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Verðlagsstofu skiptiverðs í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður og deildarstjóri staðfesta hér með ársreikning Verðlagsstofu skiptiverðs fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Ögmundur Haukur Knútsson
Fiskistofustjóri

Jóhann Þórhallsson
Deildarstjóri Verðlagsstofu

(undirritað rafrænt)

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	61.800.000	59.900.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	411.511	277.100
Tekjur samtals		62.211.511	60.177.100
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3	39.415.122	45.684.297
Annar rekstrarkostnaður	4	18.584.797	13.011.138
Afskriftir	5	411.511	277.100
Gjöld samtals		58.411.430	58.972.535
Afkoma fyrir fjármagnsliði		3.800.081	1.204.565
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		0	(1.293)
		0	(1.293)
Afkoma ársins		3.800.081	1.203.272

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Áhöld, tæki og búnaður		1.246.642	566.090
Fastafjármunir samtals		<u>1.246.642</u>	<u>566.090</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	7	6.439.559	3.322.219
Veltufjármunir samtals		<u>6.439.559</u>	<u>3.322.219</u>
Eignir samtals		<u><u>7.686.201</u></u>	<u><u>3.888.309</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Hrein eign		4.117.393	317.312
Eigið fé samtals		<u>4.117.393</u>	<u>317.312</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		477.207	109.324
Ýmsar skammtímaskuldir	9	2.937.022	2.626.414
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	10	154.579	835.259
Skuldir samtals		<u>3.568.808</u>	<u>3.570.997</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>7.686.201</u></u>	<u><u>3.888.309</u></u>
Aðrar upplýsingar	11		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		3.800.081	1.203.272
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	411.511	277.100
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(411.511)	(277.100)
		<u>3.800.081</u>	<u>1.203.272</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		(4.478.572)	674.630
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		678.491	(1.877.902)
		<u>(3.800.081)</u>	<u>(1.203.272)</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	6	(1.092.063)	0
		<u>(1.092.063)</u>	<u>0</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		1.092.063	0
		<u>1.092.063</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2022 2021

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins	61.800.000	59.900.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	411.511	277.100
	<u>62.211.511</u>	<u>60.177.100</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	61.300.000	0	0	61.300.000
Launabætur	500.000	0	0	500.000
Fjárveiting til tekna	61.800.000	0	0	61.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(57.999.919)	0	0	(57.999.919)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	3.800.081	0	0	3.800.081

2022 2021

3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	31.610.830	38.228.696
Orlof, breyting	310.608	(1.426.456)
Launatengd gjöld	7.168.084	8.647.103
Starfsmannakostnaður	325.600	234.954
	<u>39.415.122</u>	<u>45.684.297</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	3,1	3,9
------------------------------	-----	-----

4 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	20.381	21.000
Ýmis tæki og áhöld	513.196	90.000
Orkugjafir	4.000	0
Matvæli	343.195	56.575
Almennar rekstrarvörur	13.960	0
Vörukaup, almenn	894.732	167.575
Ferðir, uppihald	131.690	6.400
Akstur	52.007	0
Sérfræðiþjónusta	2.179.551	638.709
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	7.242	2.958
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	19.816	12.591
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	36.089	1.500
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	2.426.395	662.158
Afnotagjöld	447.728	565.468
Leigugjöld	4.794.215	4.670.276
Kostnaðarhlutdeild	10.021.727	6.945.661
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	15.263.670	12.181.405
Annar rekstrarkostnaður samtals	18.584.797	13.011.138

Skýringar

	2022	2021
5 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	411.511	277.083
Sölutap og úrehtar eignir	0	17
	<u>411.511</u>	<u>277.100</u>

31.12.2022 **31.12.2021**

6 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	1.246.642	566.090
	<u>1.246.642</u>	<u>566.090</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður
Staða 01.01.2022	1.431.331
Viðbætur á árinu	<u>1.092.063</u>
	2.523.394
Afskriftir 01.01.2022	865.241
Afskrift ársins	<u>411.511</u>
	1.276.752
Staða 31.12.2022	<u>1.246.642</u>

31.12.2022 **31.12.2021**

7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	6.439.559	3.322.219
	<u>6.439.559</u>	<u>3.322.219</u>

8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	317.312	(885.960)
Afkoma ársins	<u>3.800.081</u>	<u>1.203.272</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>4.117.393</u>	<u>317.312</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
9 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	2.937.022	2.626.414
	2.937.022	2.626.414

10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	1.246.642	566.090
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga)	(1.092.063)	269.169
	154.579	835.259

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	566.090	269.169	835.259
Breyting á fjárfestingarfjárveitingu skv. ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0	(269.169)	(269.169)
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	1.092.063	(1.092.063)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(411.511)	0	(411.511)
	1.246.642	(1.092.063)	154.579

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 0,4 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

11 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Fiskistofa og Atvinnuvega- og nýsköpunarráuneytið hafa gert með sér samning þar sem Fiskistofa annast rekstur Verðlagsstofu skiptaverðs þar til annað verður ákveðið. Verðlagsstofa greiðir Fiskistofu fyrir húsaleigu og ýmsa þjónustu. Áætlun fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir að kostnaðurinn verði 13,6 milljónir. Einnig er Verðlagsstofa með samning við Stefnu ehf. um vefumsjónarkerfi, áætlaður kostnaður fyrir árið 2023 er 0,2 milljónir.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.